

Skólanefnd

Fundur 23. apríl 2024

Viðstaddir: Erla Ragnarsdóttir, Júlía Jörgensen, Árni Sverrir Bjarnason, Daníel Scheving, Sunna Magnúsdóttir, Ingvar Viktorsson,

Fundur í fundarherberginu Hamri kl. 8:00

Fundargerð ritar Sigrún Karlsdóttir

1. Árshátíðarvika

Upplýst um viðburði sem nemendafélagið stóð fyrir í árshátíðarviku. Uppselt var í matinn hjá nemendum og ágætis mæting á ballið. Hugmynd kom fram um að sækja um ungmennastyrk hjá Hafnarfjarðarbæ til að styðja við Leikfélag skólans. Styrkurinn gæti verið í formi húsnæðis eða miðakaupa, jafnvel til þriggja ára.

2. Helstu niðurstöður um stofnun ársins

Erla fór stuttlega yfir niðurstöður úr Stofnun ársins. Svörun var mjög góð og við hækkuðum við okkur talsvert í öllum flokkum. Fórum úr 3,73 í 4,5 sem telst vera mjög gott. Starfsfólk vill gjarnan vera hér áfram og líður vel. Áfram verður unnið með niðurstöður meðal starfsfólks á næsta skólaári. Fleiri niðurstöður ræddar og skoðaðar.

3. Ársreikningur

Rekstur skólans var ekki innan fjárheimilda. Farið yfir hvað helst veldur því. Skólinn er með dýrar afleysingar og hátt þjónustustig. Stefnt er að ná 77 mkr. sparnaði á komandi skólaári.

4. Upplýst um að búið sé að ráða nýjan fjármálastjóra, Einir Tyrfingsson. Einir er í læri hjá Eygló en hefur formlega störf þann 1. júní næstkomandi.

5. Samskiptasáttmáli

Farið var yfir vinnuna við sáttmálann sem óskað var eftir. Andrúmsloftið á kaffistofunni er mjög gott og samskipti almennt til fyrirmyndar. Þó er gott að styðjast við ákveðnar grunnreglur og starfsmannahópurinn vinnur að þessu.

6. Önnur mál

Eftirtaldir starfsmenn verða kvaddir í Flensburg á útskriftinni 25. maí 2024: Eygló K. Hjaltadóttir, Guðný Árnadóttir og Marion Gabriele Wiechert. Einnig kom fram að hætt hefði verið við sameiningu framhaldsskóla og engar fleiri viðræður væru framundan hvað það varðar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9.23